

Nd.

402. Frumvarp

til laga um loftskeytataeki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeyta-
notkun íslenzkra veiðiskipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytataeki og að minnsta
kosti einn fullfæran loftskeytamann. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og
skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1932.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir
með því, að loftskeyti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í land-
helgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfélags á Íslandi, sem hefir
skip með loftskeytatakjum við veiðar hér við land, skal skyldur að láta dóms-
málaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í
skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hér við land, eða milli
íslenzkra veiðiskipa innbyrðis. Það er talið dulmál samkvæmt lögum þessum,
ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenzkt veiðiskip með loftskeyta-
tækjum skulu hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit
allra skeyta til eða frá íslenzkum veiðiskipum.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á
hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sé

ætlað til að stuðla að landhelgibrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenskum loftskyeystastöðvum og á hverju íslenskum veiðiskipi með loftskyeystatækjum skal rita í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu, og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskyeystamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskyeystastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskyeystaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skyeystaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun lívers mánaðar senda landssimastjóranum frumrit allra þeirra loftskyeysta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skyeysta skipa á milli, er náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skyeystin eru rituð í fyrir það ár.

Skyeystabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskyeystanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsg. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 1—10 þús. króna sekt, og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna; en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því, að hafa notað loftskyeysti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, í fyrsta sinn sæta allt að 5000 kr. sektum. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt.

Brjóti einhver gegn 1. málsg. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsg., sæti hann sektum frá 300—5000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hér á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskyeysti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða að sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, um allt að 3 árum rétti til loftskyeystaskipta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðilar þá orðalagi og formi slíkra skyeysta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lög-
reglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.